

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2016, þriðjudaginn 13. september, var haldinn 128. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Aðalheiður Frantzdóttir, Bergþór Heimir Þórðarson og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir áheyrnarfulltrúinn Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir Framsókn og flugvallarvini, Snorri Freyr Vignisson og Elínborg Una Einarsdóttir frá Ungmennaráði Breiðholts, Sveinn Grétar Jónsson frá Öldungaráði Reykjavíkurborgar og Arnar Snæberg Jónsson verkefnisstjóri á Þjónustumiðstöð Breiðholts sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á mati fagteymis á hugmyndum sem bárust í verkefnið Hverfið mitt 2016.

Sonja Wium, Jökull Pálmar Jónsson, Þórólfur Jónsson og Stefán Agnar Finnsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lögð fram tillaga formanns hverfisráðsins um þróun hverfisráðs Breiðholts í tengslum við hverfis verkefni.
Frestað.
3. Lögð fram styrkumsókn Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, dags. 9. september 2016, Heilsueflandi Breiðholt og Viku íþrótta og hreyfingar í Evrópu Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 75.000.-
4. Lagt fram bréf Íþróttafélags Reykjavíkur, dags. 8. september 2016, um stuðning varðandi húsnaðisaðstöðu í Efra-Breiðholti fyrir karate, taekwondo og júdóiðkun barna.
Frestað.
5. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í hverfisráði Breiðholts leggur fram fyrirspurn til Umhverfis- og skipulagsráðs um hvað veldur þeim vinnubrögðum sem ráðið hefur sýnt í garð íbúa við Árskóga vegna kynningar á nýbyggingu á ÍR-svæðinu. Samkvæmt forsvarsmönnum íbúa við Árskóga var reynt að fá fulltrúa frá Umhverfis- og skipulagssviði til að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir. Erindi þess efnis var ekki svarað, þrátt fyrir ítrekaðar bókanir og beiðnir frá hverfisráði Breiðholts.

Fundi slitið kl. 18.02.

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Bergþór Heimir Þórðarson

Aðalheiður Frantzdóttir